

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2013

2013/EES/49/09

frá 15. mars 2013

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/829/ESB frá 8. desember 2011 um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5cz (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32011 D 0829**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/829/ESB frá 8. desember 2011 (Stjtið. ESB L 329, 13.12.2011, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/829/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 329, 13.12.2011, bls. 10.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.